Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 07.03.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 7. mars 2018 varðandi eftirfarandi mál.

**Gamla höfnin - Vesturbugt**
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Yrki arkitekta mótt. 5. júlí 2017 um breytingu á deiliskipulagi Vesturbugtar svæði 5 og 6. Sótt er um breytingu á deiliskipulagi Vesturbugtar fyrir einnar hæðar verslunar- og þjónustuhúsum (einingar) fyrir Faxaflóahafnir á Ægisgarði og við Hafnargötu ásamt uppbyggingu stærra þjónustuhúss við Ægisgarð, samkvæmt uppdráttum Yrki arkitekta ehf. dags. 14. nóvember 2017. Tillagan var auglýst frá 5. janúar 2018 til og með 16. febrúar 2018. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagt fram erindi Minjastofnunar Íslands dags. 10. janúar 2018 þar sem stofnunin minnir á að mannvirki við Reykjavíkurtjörn eru friðlýst og óskar eftir að hið friðlýsta mannvirki verði auðkennt á uppdrættinum. Einnig er lagður fram uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 14. nóvember 2017 br. 5. mars 2018.

Uppdr. 03.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir víkur af fundi undir þessum lið.

*Samþykkt.*
*Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjöl: uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 14. nóvember 2017 br. 5. mars 2018, erindi Minjastofnunar Íslands dags. 10. janúar 2018,

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12–14
105 Reykjavík

# VESTURBUGT - REITIR 05 OG 06 - BREYTT DEILISKIPULAG 2017




VESTURBUGT: GILDANDI DEILISKIPULAG

MÆLIKVARÐI 1:1000



Hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

## LYKLAR

- Mörk skipulagssvæða
- Mörk skipulagsbreytinga
- Opin svæði til sérstakra nota
- Lóðamörk
- Fyrrverandi lóðamörk
- Ný lóðamörk
- 000 m² — Stærð lóðar í fermetrum
- 000 m² — Hámarks byggingarmagn
- Bindandi byggingarlína
- Óbundin byggingarlína
- Núverandi byggingar
- Verndað byggðamynstur
- Byggingarreitur, hámark
- Opið svæði ofan á bílgeymslu
- Byggingareitur bílageymslu
- innakstur í bílgeymslur (staðsetn. ekki bundin)
- N= — Nýtingarhlutfall lóðar með bílgeymslu
- 2h — Fjöldi hæða í húsi
- 2 — þakgarður
- GK: — Gólfkóti neðstu aðgangshæðar
- Z — Spennistöð
- sund — Kvöð um 6m bil milli húsa á 12 m svæði
- port — Kvöð um 6m op milli húsa á 1.hæð á 12 m svæði
- R — Sorpstöðvar-Leiðbeinandi fjöldi + staðsetning
- S(d) — Sorpstöðvar: Djúpgámar-Leiðbeinandi fjöldi + staðsetning
- Hjólastígar (lega leiðbeinandi)
- Hannaður yfirborðsfrágangur utan byggingarreits
- b — Setbekkir (lega leiðbeinandi)
- h — Hjólastæði (lega leiðbeinandi)

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

## Tillaga að breytingu: Greinargerð og skilmálar

### Greinargerð

Samhliða breytingartillögu þessari hefur uppdrátturinn verið uppfærður með síðari breytingum (2.3.2017).

Svæði 05 í gildandi deiliskipulagi er skilgreint sem opin svæði til sérstakra nota. Sú skilgreining er óbreytt en tilefni þessarar tillögu að breytingu gildandi deiliskipulags er að breyta og skilgreina nánar notkun austurhluta svæðisins. Auk þess er gert ráð fyrir að útilistaverk verði á svæði 05.

Svæði 06:
Núverandi hús undir ferðatengda starfsemi meðfram norðvesturhlið Ægisgarðs eru á óskilgreindum lóðum og byggingarreitum. Það er ætlun Faxaflóahafna að núverandi hús víki og skilgreind verði breytt lóð Ægisgarður 5 undir nýbyggingar er hýsa ferðatengada starfsemi, þ.e. söluhús.

Gert er ráð fyrir því að í framtíðinni verði gönguleið á milli söluhúsa á svæðum 05 og 06 sem tengist Rastargötu.

Lega og lögun flotbryggja eru ekki ávörpuð í tillögunni að breytingu deiliskipulagsins.

Deiliskipulagsbreyting þessi styrki ennfremur ákvæði hjólreiðaáætlunar Reykjavíkurborgar þar sem er gert ráð fyrir hjólaleiðum frá svæðum vestan megin við skipulagssvæðið.

### Breyttir skilmálar

### Svæði 05:

1. Ákvæði gildandi deiliskipulags um byggingarreit undir 40m² smáhýsi á svæði 05 verði fellt úr gildi. Þess í stað verði heimilt að reisa nokkur einnar hæðar smáhýsi (frá 25m² til 60m²).
Starfsemin er skilgreind sem söluhús.

2. Áætluð stærð nýrrar lóðar er 2117m². Söluhúsin rísi innan byggingarreits a og b en stærð byggingarreita, lögun þeirra og staðsetning verði samkvæmt mæliblaði.
Áætluð stærð byggingarreita a og b er samtals 612m². Áætlað nýtingarhlutfall NF söluhúsa er allt að um það bil 0.16.
Söluhúsin rísi innan byggingarreita a og b þannig að sund á milli húsa verði ekki mjórri en 3 metrar.
Suðausturmörk byggingarreits a og norðvesturmörk byggingarreits b eru bindandi byggingarlínur miðjusettar á miðlínu Hlésgötu og skulu húshliðar bundnar við þær línur.
Gólfkóti 1. hæðar hvers húss verði samkvæmt mæliblaði.

Þök söluhúsa skulu vera tvíhalla. Gert er ráð fyrir um það bil 40° þakhalla og að þakhalli á öllum þökum verði samræmdur.
Þakgluggar eða kvistir eru ekki leyfðir. Þakrennur og þakniðurföll skulu felld inn í klæðningar húsa.
Hæsti hæðarkóti útveggja hvers húss samhliða mæni skal vera allt að 3.50m frá gólfkóta 1. hæðar. Hæsti hæðarkóti þaks hvers húss er allt að 5.80m en heimiluð frávik eru allt að 0.3 metrar.
Heimilt er að reisa veggföst skyggni á húshliðum og á milli tveggja eða fleiri húsa. Heimilt er að skyggni á húshliðum á norðausturhlið nái allt að 1.0 meter út fyrir lóðarmörk.
Skjólveggir og geymslueiningar eru leyfð.
Gert er ráð fyrir að breidd veggfastra geymslueininga sem eru á milli húsa verði 1.50m mælt hornrétt á húsvegg.
Hæsti hæðarkóti veggfastra geymslueininga skal vera hinn sami og hæð útveggjar viðkomandi húss samhliða mæni.
Þök geymslueininga skulu vera einhalla. Þök veggfastra geymslueininga skulu vera í sömu stefnu og þakhlið viðkomandi húss.
Þakhalli geymslueininga er frjáls, allt að 40°.
Skyggni, skjólveggir, geymslueiningar og auglýsingaskilti skulu útfærð í samræmi við ákvæði leigusamninga.

3. Kvöð er um spennistöð. Spennistöðin verði felld inn í hús á byggingarreit a við norðvesturhorn nýrrar lóðar.

4. Heimilt verði að reisa almenningssalerni á nýrri lóð. Almenningssalernið verði fellt inn í hús á byggingarreit a.

5. Sorphirða er á ábyrgð Faxaflóahafna. Gert er ráð fyrir að hægt sé að koma fyrir niðurgröfnum sórpgámum annað hvort innan byggingarreits b eða c.
Áætluð stærð sitt hvors byggingarreits er 45m².

6. Við útlitshönnun húsa skal gæta samræmis í efnis- og litavali. Eftirfarandi er til leiðbeiningar:
- Miða skal við sama efnisval á útveggjum og þaki í hverju tilfelli fyrir sig.
- Gera skal ráð fyrir að timburklæðningar verði standandi eða úr skífum. Miðað er við veðraðar timburklæðningar eða málaðar svartar.
- Gera skal ráð fyrir að steinklæðningar verði úr skífum. Litaval er frjálst. Þó skal gæta samræmis í litavali.
- Gera skal ráð fyrir að málmklæðningar verði úr standandi bárujárni. Litaval er frjálst. Þó skal gæta samræmis í litavali.
- Gluggar: Efnisval er frjálst. Litur miðist við efnisval viðkomandi húss. Gert er ráð fyrir að glerfletir verði tiltölulega stórir. Forðast skal glugga og opnanleg fög með óþarfa sprossum.
- Efnisval skyggna, geymslueininga og skjólveggja miði við aðliggjandi hús.

7. Yfirborð á óbyggðum hluta byggingarreits og utan bygingarreits verði hannað sem útivistarsvæði eða torg. Skila þarf sérteikningum af lóðarhönnun.
Göngu- og hjólastígar skulu auðkennd með mismunandi munstri, efnis- og/eða litavali. Setbekkir, hjólastæði, sorpílát og önnur götugön falli vel að yfirborði lóðar með tilliti til efnis- og litavals.
Vanda skal allt efnisval og samræma það við aðliggjandi svæði.

8. Kvöð er um lýsingarhönnun. Vanda skal allt efnisval og samræma það við aðliggjandi svæði.

0 50 100m (Blaðstærð ISO A1)

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 1. mgr. 43. gr. SKIPULAGSLAGA nr. 123/2010

VAR SAMÞYKKT Í ______________________

ÞANN ____________ OG Í

______________________ ÞANN ____________

TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ ____________ MEÐ

ATHUGASEMDAFREST TIL ____________ .

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU BREYTINGARINNAR VAR BIRT Í B-DEILD

STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN ____________ .


YRKI ARKITEKTAR
Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík
Sími: +354 552 6629
Kt: 560997-3109
www.yrki.is
yrki@yrki.is

Ásdís H. Ágústsdóttir Arkitekt FAÍ
Sólveig Berg Arkitekt FAÍ


| VERKKAUPI | VERK | | |
|---|---|---|---|
| FAXAFLÓAHAFNIR | GAMLA HÖFNIN | | |
| DAGSETN. | MKV. | TEIKNAÐ AF | ÚTGEFIÐ AF |
| 14.11.17 | 1:1000 | SK | SK/ÁHÁ |
| TEIKNING | VERK NR. | TEIKNING NR. | ÚTGÁFA |
| D01 | V281 | 1 af 3 | |

# VESTURBUGT - REITIR 05 OG 06 - BREYTT DEILISKIPULAG 2017




VESTURBUGT - REITIR 05 OG 06: TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

SEINNI BREYTINGAR Á GILDANDI DEILISKIPULAGI (2.3.2017) FÆRÐAR INN Á UPPDRÁTT

MÆLIKVARÐI 1:1000



Hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

## LYKLAR

- Mörk skipulagssvæða
- Mörk skipulagsbreytinga
- Opin svæði til sérstakra nota
- Lóðamörk
- Fyrrverandi lóðamörk
- Ný lóðamörk
- 000 m² — Stærð lóðar í fermetrum
- 000 m² — Hámarks byggingarmagn
- Bindandi byggingarlína
- Óbundin byggingarlína
- Núverandi byggingar
- Verndað byggðamynstur
- Byggingarreitur, hámark
- Opið svæði ofan á bílgeymslu
- Byggingareitur bílageymslu
- innakstur í bílgeymslur (staðsetn. ekki bundin)
- N= — Nýtingarhlutfall lóðar með bílgeymslu
- 2h — Fjöldi hæða í húsi
- 2 — þakgarður
- GK: — Gólfkóti neðstu aðgangshæðar
- Z — Spennistöð
- sund — Kvöð um 6m bil milli húsa á 12 m svæði
- port — Kvöð um 6m op milli húsa á 1.hæð á 12 m svæði
- R — Sorpstöðvar-Leiðbeinandi fjöldi + staðsetning
- S(d) — Sorpstöðvar: Djúpgámar-Leiðbeinandi fjöldi + staðsetning
- Hjólastígar (lega leiðbeinandi)
- Hannaður yfirborðsfrágangur utan byggingarreits
- b — Setbekkir (lega leiðbeinandi)
- h — Hjólastæði (lega leiðbeinandi)

## Svæði 06:

1. Lóðirnar Ægisgarður 5 og Ægisgarður 7° verða sameinaðar í eina lóð Ægisgarður 5. Lóðin Ægisgarður 5 stækkar um um það bil 467m² til suðvesturs.
Þar af leiðandi minnkar lóðin Ægisgarður 1 (Slippurinn) um um það bil 467m². Lóðamörk Ægisgarðs 5 og Ægisgarðs 7 færast um um það bil 0.5 metra til norðvesturs.
Við það stækkar lóðin Ægisgarður 5 um um það bil 21m². Lóðin Ægisgarður 5 er 2266m² en verður 3232m². Lóðin Ægisgarður 1 er 7280m² en verður 6813m².
Lóðin Ægisgarður 7 er 1116m² en verður 1095m². Breytt lóðarmörk Ægisgarðs 1, 5 og 7 verði samkvæmt mæliblaði.

2. Kvöð er um að allar núverandi byggingar innan breyttra lóðarmarka Ægisgarðs 5 verði fjarlægðar samhliða framkvæmdum.

3. Kvöð er um samgöngur á milli Ægisgarðs 1 og Ægisgarðs 7 um norðvesturhlið Ægisgarðs 5.

4. Heimilt verði að reisa nokkur einnar hæðar smáhýsi (frá 25m² til 120m²) á lóðinni Ægisgarður 5.
Áætluð stærð nýrrar lóðar er 3232m². Áætluð stærð byggingarreita a, b og c er samtals 1810m².
Áætlað nýtingarhlutfall NF söluhúsa er allt að um það bil 0.37.
Starfsemi húsa á reitum a og b er skilgreind sem söluhús fyrir ferðatengda starfsemi.
Starfsemi húss á reit c er skilgreind sem þjónusta við gesti hafnarsvæðisins, þ.m.t. upplýsingar til ferðamanna og veitingasala.
Heimilt verði að reisa almenningssalerni á lóðinni. Almenningssalernið verði fellt inn í húsið á byggingarreit c.
Söluhúsin rísi innan byggingarreita þannig að sund á milli húsa verði ekki mjórri en 3 metrar en sundið á milli húsa á reitum b og c verði ekki mjórra en 5.50 metrar.
Stærð byggingarreita, lögun þeirra og fjarlægðir frá lóðarmörkum verði samkvæmt mæliblaði.
Norðausturmörk byggingarreits a og suðvesturmörk byggingarreits b eru bindandi byggingarlínur miðjusettar á miðlínu Suðurbugtar og skulu húshliðar bundnar við þær línur.
Suðvesturmörk byggingarreits c er bindandi byggingarlína í beinni línu af norðausturmörkum Rastargötu og skal húshliðin bundin við þá línu.
Gólfkóti 1. hæðar hvers húss verði samkvæmt mæliblaði.
Þök söluhúsa á reitum a og b skulu vera tvíhalla. Gert er ráð fyrir um það bil 40° þakhalla og að þakhalli á öllum þökum á reitum a og b verði samræmdur.
Þak þjónustuhúss á reit c skal vera tvíhalla. Þakhalli er frjáls.
Þakgluggar eða kvistir eru ekki leyfðir. Þakrennur og þakniðurföll skulu felld inn í klæðningar húsa.
Hæsti hæðarkóti útveggja hvers húss samhliða mæni skal vera allt að 3.50m frá gólfkóta 1. hæðar. Hæsti hæðarkóti þaks hvers húss er allt að 5.80m en heimiluð frávik eru allt að 0.3 metrar.
Heimilt er að reisa veggföst skyggni á húshliðum og á milli tveggja eða fleiri húsa. Heimilt er að skyggni á húshliðum samhliða Ægisgarði nái allt að 1.0 meter út fyrir byggingarlínu.
Skjólveggir og geymslueiningar eru leyfð.
Gert er ráð fyrir að breidd veggfastra geymslueininga sem eru á milli húsa verði 1.50m mælt hornrétt á húsvegg.
Hæsti hæðarkóti veggfastra geymslueininga skal vera hinn sami og hæð útveggjar viðkomandi húss samhliða mæni.
Þök geymslueininga skulu vera einhalla. Þök veggfastra geymslueininga skulu vera í sömu stefnu og þakhlið viðkomandi húss.
Þakhalli geymslueininga er frjáls, allt að 40°.
Skyggni, skjólveggir, geymslueiningar og auglýsingaskilti skulu útfærð í samræmi við ákvæði leigusamninga.

4. Gert er ráð fyrir að hægt sé að koma fyrir niðurgröfnum sórpgámum annað hvort innan byggingarreits d eða e.
Áætluð stærð sitt hvors byggingarreits er 45m².

5. Við útlitshönnun húsa skal gæta samræmis í efnis- og litavali. Eftirfarandi er til leiðbeiningar:
- Miða skal við sama efnisval á útveggjum og þaki í hverju tilfelli fyrir sig.
- Gera skal ráð fyrir að timburklæðningar verði standandi eða úr skífum. Miðað er við veðraðar timburklæðningar eða málaðar svartar.
- Gera skal ráð fyrir að steinklæðningar verði úr skífum. Litaval er frjálst. Þó skal gæta samræmis í litavali.
- Gera skal ráð fyrir að málmklæðningar verði úr standandi bárujárni. Litaval er frjálst. Þó skal gæta samræmis í litavali.
- Gluggar: Efnisval er frjálst. Litur miðist við efnisval viðkomandi húss. Gert er ráð fyrir að glerfletir verði tiltölulega stórir. Forðast skal glugga og opnanleg fög með óþarfa sprossum.
- Efnisval skyggna, geymslueininga og skjólveggja miði við aðliggjandi hús.

6. Yfirborð á óbyggðum hluta byggingarreita og utan bygingarreita verði hannað sem útivistarsvæði eða torg. Skila þarf sérteikningum af lóðarhönnun.
Göngu- og hjólastígar skulu auðkennd með mismunandi munstri, efnis- og/eða litavali. Setbekkir, hjólastæði, sorpílát og önnur götugön falli vel að yfirborði lóðar með tilliti til efnis- og litavals.
Vanda skal allt efnisval og samræma það við aðliggjandi svæði.

7. Kvöð er um lýsingarhönnun á lóðinni Ægisgarður 5. Vanda skal allt efnisval og samræma það við aðliggjandi svæði.

8. Húsin við suðvesturmörk Ægisgarðs 1 (Slippsins) norðan megin við Spilhúsastíg verði óbreytt.

9. Við suðausturmörk svæðisins eru friðlýstar minjar skv. lögum um mennigarminjar nr. 80/2012. Það eru eystri hleðsla Ægisgarðs og steinhleðslur við Suðurbugt.
Þess verði gætt við framkvæmdir að þær raski ekki þessum friðlýstu minjum.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar og uppdrættir.

0 50 100m (Blaðstærð ISO A1)

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 1. mgr. 43. gr. SKIPULAGSLAGA nr. 123/2010

VAR SAMÞYKKT Í ______________________

ÞANN ____________ OG Í

______________________ ÞANN ____________

TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ ____________ MEÐ

ATHUGASEMDAFREST TIL ____________ .

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU BREYTINGARINNAR VAR BIRT Í B-DEILD

STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN ____________ .

UPPDRÁTTUR LAGFÆRÐUR 5.3.2018 EFTIR ÁBENDINGAR FRÁ MINJASTOFNUN.


YRKI ARKITEKTAR
Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík
Sími: +354 552 6629
Kt: 560997-3109
www.yrki.is
yrki@yrki.is

Ásdís H. Ágústsdóttir Arkitekt FAÍ
Sólveig Berg Arkitekt FAÍ


| VERKKAUPI | VERK | | |
|---|---|---|---|
| FAXAFLÓAHAFNIR | GAMLA HÖFNIN | | |
| DAGSETN. | MKV. | TEIKNAÐ AF | ÚTGEFIÐ AF |
| 14.11.17 | 1:1000 | SK | SK/ÁHÁ |
| TEIKNING | VERK NR. | TEIKNING NR. | ÚTGÁFA |
| D02 | V281 | 2 af 3 | |

# VESTURBUGT - REITIR 05 OG 06 - BREYTT DEILISKIPULAG 2017. SKÝRINGARUPPDRÁTTUR



Hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030


REITUR 05 - HORFT YFIR TORG


REITUR 06 - HORFT YFIR HAFNARSVÆÐI MEÐ VESTURBUGT (REIT 05) Í BAKGRUNNI


REITUR 05 - HORFT YFIR HAFNARSVÆÐI Í ÁTT AÐ BYGGÐ


REITUR 06 - HORFT EFTIR GÖNGULÍNU

0 50 100m (Blaðstærð ISO A1)

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 1. mgr. 43. gr. SKIPULAGSLAGA nr. 123/2010

VAR SAMÞYKKT Í ______________________

ÞANN ____________ OG Í

______________________ ÞANN ____________

TILLAGAN VAR AUGLÝST FRÁ ____________ MEÐ

ATHUGASEMDAFREST TIL ____________ .

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU BREYTINGARINNAR VAR BIRT Í B-DEILD

STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN ____________ .


**YRKI** ARKITEKTAR
Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík
Sími: +354 552 6629
Kt: 560997-3109
www.yrki.is
yrki@yrki.is

Ásdís H. Ágústsdóttir Arkitekt FAÍ

Sólveig Berg Arkitekt FAÍ


| VERKKAUPI | VERK | | |
|---|---|---|---|
| FAXAFLÓAHAFNIR | GAMLA HÖFNIN | | |
| DAGSETN. | MKV. | TEIKNAÐ AF | ÚTGEFIÐ AF |
| 14.11.17 | | YKS | SK/ÁHÁ |
| TEIKNING | VERK NR. | TEIKNING NR. | ÚTGÁFA |
| | V281 | 3 af 3 | |

# USK Skipulag

**Frá:** Guðný Gerður Gunnarsdóttir <gudnygerdur@minjastofnun.is>
**Sent:** 10. janúar 2018 16:54
**Til:** USK Skipulag
**Afrit:** Guðlaug Vilbogadóttir; Pétur Ármannsson; Maria Gísladóttir
**Efni:** Reykjavíkurhöfn - Vesturbugt,,reitir 5 og 6.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík

Athygli Minjastofnunar Íslands er vakin á því að á vef Reykjavíkurborgar er auglýst breyting á deiliskipulagi Vesturbugtar við Reykjavíkurhöfn. Breytingin tekur til Ægisgarðs þar sem fyrirhugað er að reisa þjónustuhús fyrir ferðatengda starfsemi.

Af því tilefni vill Minjastofun minna á að mannvirki við Reykjavíkurhöfn eru friðlýst skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Þar á meðal er hlaðinn garður austanvert á Ægisgarði, gerð á árunum 1932-1935. (sjá http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjavik/nr/833).

Þess er ekki getið á skipulagsuppdrætti eða í greinargerð að á deiliskipulagssvæðinu séu friðlýstar minjar og farið er fram á að hið friðlýsta mannvirki verði auðkennd á uppdrættinum. Jafnframt verði tryggt að þegar til framkvæmda kemur verði þess gætt að þær raski ekki friðlýstum minjum.

Minjastofnun Íslands

Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen

**Guðný Gerður Gunnarsdóttir**
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis / Cultural Heritage Manager for Reykjavik
Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland / Islands kulturarvsstyrelse
Suðurgata 39 | 101 Reykjavík | Sími/Tel. 5701300 | Fax: 5701301
gudnygerdur@minjastofnun.is / www.minjastofnun.is